




Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK



Fyrirhuguð lokun á æfingaastöðu í Vesturbæjarlaug - tilv. R18100316

Vegna mótmæla frá allmörgum fastagestum Vesturbæjarlaugar við því að til standi að loka æfingaastöðu sem staðsett er við hliðina á útiklefum laugarinnar vill ÍTR taka fram eftirfarandi: Ferlinefnd Reykjavíkur hefur síðustu tvö ár beint sjónum sínum að aðgengismálum í sundlaugum borgarinnar. Hluti af þeirri vinnu hefur m.a. snúið að kaupum og uppsetningu á lyftum fyrir notendur hjólastóla á bakka sundlauganna og við heita potta. Einnig hefur verið unnið að gerð sérklefa í laugunum sem henta sem flestum notendum með sérþarfir. Hér er ekki eingöngu átt við fólk með fötlun, heldur líka eldra fólk t.d. hjón, foreldra með tvö börn og aðra sem kjósa að nýta sér slíka klefa. Klefarnir eru hannaðir þannig að þeir séu fjölnota, þ.e. að inni í þeim eru nokkrir læstir skápar og getur klefinn því verið í notkun á meðan annar notandi er á laugarsvæðinu. Þá eru einnig salerni inni í klefunum ásamt hæðarstillanlegum bekk.

Í Laugardalslaug eru fjórir sérklefar, í Sundhöllinni eru tveir, einn er í Grafarvogslaug og einn í Breiðholtslaug. Í Árbæjarlaug var lítill sérklefi sem nú verður nú á næstunni stækkaður um helming.

Eftir stendur Vesturbæjarlaugin en þar er engan sérklefa að finna og er húsið allt mjög óaðgengilegt fyrir alla notendur sem glíma við hverskonar fötlun eða hafa sérþarfir.

Inngangur fyrir fatlaða er um vestari dyrnar á norður hlið laugarinnar. Hreyfihamlaðir gestir sem vilja nýta sér laugina koma því inn um þessar dyr, þá tekur við lyfta uppá næsta pall og síðan geta þeir nýtt saunaklefa, karla eða kvenna sem þó eru mjög þröngir svo varla er hægt að ferðast um á hjólastól í gegnum þá. Við vestari dyr eru líka staðsett bílastæði fyrir fatlaða. Þegar komið er inn um dyrnar er strax á hægri hönd inngangur inn í rými (tækjasalur) þar sem staðsett eru tvö gömul æfingatæki, nokkur lóð og upphíngaslá.

Húsnæði og aðstaða í Vesturbæjarlaug er af skornum skammti auk þess sem mannvirkið er á nokkrum pöllum/hæðum. Þegar leitað var að hentugu rými fyrir sérklefa lá beinast við að nýta „tækjasalinn“ enda er það rými hvað best staðsett og ekki þörf á notkun lyftu til að komast að því. Þannig myndi rýmið nýtast betur og hægt væri að fullnægja að mörgu leyti kröfum um aðgengi fyrir alla í sundlauginni.

Saga „tækjasalarins“ er sú að um 1999 þegar byggt var við laugina ákvað þáverandi forstöðumaður að koma fyrir örfáum tækjum í þetta rými. Á þeim tíma var engin önnur nýting á rýminu. Frá þeim tíma hefur laugin ekki lagt til fleiri tæki heldur hafa gestir komið með aflóga tæki og komið þeim þar fyrir (allt í samráði við forstöðumenn á hverjum tíma). Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur reglulega gert athugasemdir við þetta rými og tækin þar



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur reglulega gert athugasemdir við þetta rými og tækin þar sem fara mjög illa þegar gestir í blautum sundfatnaði nýta þau auk þess bleyta safnast á gólfum og veldur slyshættu.

Ákveðið hefur verið að tækin verða flutt á svonefndan sólargang sem snýr að laugarsvæði. Þar gætu þeir gestir sem vilja nýtt sér aðstöðuna.

Framkvæmd við að breyta „tækjasal“ í sérklefa fer af stað á þessu ári. Búið er að hanna rýmið með sérklefa í huga. Fram að þeim tíma verður „tækjasalurinn“ þar áfram.


Ómar Einarsson.

